



# Fangelsismálastofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
1 Inngangur .....	3
2 Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir.....	4
3 Viðbrögð stofnunarinnar við athugasemdum .....	5
4 Fjárheimildir og rekstur .....	6
4.1 Fjárheimildir .....	6
4.2 Rekstraráætlun.....	6
5 Innra eftirlit.....	7
5.1 Inngangur .....	7
5.2 Umfjöllun .....	7
5.3 Niðurstöður/ábendingar .....	8
6 Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1 Inngangur .....	9
6.1.1 Ferðakostnaður.....	9
6.1.2 Opinber innkaup .....	9
6.1.3 Innkaupakort.....	9
6.1.4 Styrkir.....	9
6.2 Niðurstöður .....	9
7 Endurskoðun rekstrarliða .....	10
7.1 Tekjur .....	10
7.2 Launakostnaður og greiðslur til fanga.....	10
7.3 Annar rekstrarkostnaður og eignakaup .....	11
7.4 Niðurstöður/ábendingar .....	11
8 Endurskoðun efnahagsliða .....	13
8.1 Eignir .....	13
8.1.1 Birgðir.....	13
8.1.2 Viðskiptakröfur .....	13
8.1.3 Handbært fé.....	14
8.2 Eigið fé og skuldir .....	14
8.2.1 Höfuðstóll .....	14
8.2.2 Ríkissjóður.....	14
8.2.3 Viðskiptaskuldir.....	14
8.3 Niðurstöður/ábendingar .....	14
9 Önnur atriði .....	16
9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda .....	16
9.2 Lögfræðibréf .....	16
9.3 Óhæðisyfirlýsing.....	16
9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	16

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Ársreikningar Fangelsismálastofnunar hafa verið reglulega til skoðunar undanfarin ár, síðast á árinu 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir

Endurskoðun ársreiknings Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin fylgi þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Ríkisendurskoðun gerir þó athugasemdir við aðgangsheimildir og bendir á að umbætur mætti gera varðandi innra eftirlit, ráðningasamninga, launaframkvæmd og meðferð skammtímakrafna hjá stofnuninni.

### 1. Aðgangsheimildir

Aðgangsheimildir virðast ekki vera með fullnægjandi hætti. Sjö starfsmenn eru með aðganginn „AR rekstrarstjóri – viðskiptakröfukerfi“. Þörf er á að breyta þessum aðgangi annað hvort í „AR Gjaldkera“ eða „AR Bókara“ eftir atvikum. Auk þess eru níu starfsmenn með aðgang að „HR Starfsmannahald“. Ábyrgðasviðið „HR Starfsmannahald“ veitir ótakmarkaðan aðgang að öllum launaupplýsingum Fangelsismálastofnunar. Það veitir einnig heimild til þess að setja nýja starfsmenn á launaskrá, setja inn og breyta launaforsendum s.s. launaflokkun starfsmanna. Til þess að tryggja gott innra eftirlit ætti eingöngu launafulltrúi og starfsmannastjóri að vera með svo víðtækan aðgang.

### 3 Viðbrögð stofnunarinnar við athugasemdum

Viðbrögð Fangelsismálastofnunar við athugasemd Ríkisendurskoðunar vegna endurskoðunar ársins 2016.

#### 1. Aðgangsheimildir

„Gerð er athugasemd við að níu starfsmenn hjá stofnuninni séu með ábyrgðarsviðið „HR starfsmannahald“ og þeir hafi aðgang að öllum launaupplýsingum stofnunarinnar. Rétt er að taka fram að hluti athugasemdar er röng, þ.e.a.s. það eru ekki níu aðilar sem hafa aðgang að **öllum** launaupplýsingum í kerfinu í gegnum „HR starfsmannahald“. Aðeins 3 starfsmenn hafa þennan víðtæka aðgang og hinir hafa HR starfsmannaaðgang sem er eingöngu fyrir ákveðnar rekstrareiningar hjá stofnuninni en ekki allt launaumhverfi. Fangelsismálastofnun hefur þegar látið lagfæra aðgengi þeirra sem hafa haft „HR starfsmannahald“ á ákveðnar einingar þannig að þeir sem þess þurfa hafa nú eingöngu lesaðgang að þeim einingum sem við eiga en geta hins vegar ekki gert neinar breytingar eða lagfæringar í launaumhverfinu. Þá er ennfremur í skoðun hvort rétt sé að breyta aðgangsheimildum þeirra sem hafa „AR rekstrarstjóra“ í annars vegar „AR gjaldkera“ eða „AR bókara“ eftir atvikum.

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Fjárlög fyrir árið 2016 gerðu ráð fyrir svipaðri starfsemi og árið á undan. Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.648,5 m.kr. Til viðbótar fékk stofnunin 1,6 m.kr. er millifært var af fjárlagalið „06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál“ til stuðnings við að efla öryggismál á áfangaheimilinu Vernd. Fjárheimildir ársins 2016 námu því samtals 1.650,1 m.kr.

Rekstrargjöld ársins 2016, að frádregnum sértekjum, námu samtals 1.606,0 m.kr. og voru því innan fjárheimilda ársins sem nemur 44,1 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-124.400	-124.400	-114.543	-9.857	-108.885
Launagjöld	1.148.500	1.148.500	1.202.237	-53.737	1.143.908
Önnur rekstrargjöld	591.200	592.800	456.257	136.543	436.207
Eignakaup	15.500	15.500	60.404	-44.904	22.464
Tilfærslur	17.700	17.700	1.648	16.052	486
<b>Samtals</b>	<b>1.648.500</b>	<b>1.650.100</b>	<b>1.606.003</b>	<b>44.097</b>	<b>1.494.181</b>

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra) og reglulega er farið yfir frávik frá rekstraráætlun.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Áhættumat tekur mið af því hvernig innra eftirliti er háttað í stofnuninni og hvaða verklagsreglum er beitt þar til að stuðla að öryggi í meðferð og umsjón fjármuna og annarra eigna auk bókhalds- og upplýsingakerfa. Fangelsismálastofnun var í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins á árinu 2016 og er bókhaldið fært í fjárhagskerfi ríkisins.

Skipurit er til staðar hjá stofnuninni. Starfslýsingar, þar sem kveðið er á um verkefni og ábyrgðarsvið og endurspegla verkaskiptingu, eru til staðar fyrir alla starfsmenn. Tveir starfsmenn samþykkja alla reikninga til greiðslu og er það gert með rafrænum hætti.

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ekki eru til skriflegir verkferlar, sem stuðla að innra eftirliti varðandi bókhald, fjármál og tölvumál.

Könnun á ábyrgðarsviði starfsmanna stofnunarinnar og aðgangsheimildum þeirra að tölvukerfum hennar gefur til kynna að aðgangsheimildir virðast ekki vera með fullnægjandi hætti. Sjö starfsmenn eru með aðganginn „AR rekstrarsjóri – viðskiptakröfukerfi“. Þörf er á að breyta þessum aðgangi annað hvort í „AR Gjaldkera“ eða „AR Bókara“ eftir atvikum. Auk þess eru níu starfsmenn með aðgang að „HR Starfsmannahald“. Lagt er til að þeim verði fækkað, þannig að einungis launafulltrúi og starfsmannastjóri hafi þann aðgang og þeir starfsmenn sem þurfa lesaágang, hafi einungis aðganginn „HR Yfirmenn“.

Fangelsismálastofnun er rekin í sex megin rekstrareiningum, hver eining er með eigin verkferla. Á höfuðborgarsvæðinu er aðalskrifstofan en þar eru unnin verkefni sem tengjast yfirstjórn, stoðeildum og annarri faglegri starfsemi fangelsismála. Fangelsin eru fimm talsins, sem skiptast í fjórar rekstrareiningar, hver með forstöðumanni. Einingarnar skiptast í Fangelsið Hólmsheiði, Fangelsið Litla-Hraun og Fangelsið Sogn, Fangelsið Akureyri og Fangelsið Kvíabryggju. Ekki eru til skriflegar lýsingar á innra eftirliti né skráðar verklagsreglur um starfsemina. Mikilvægt er að stofnunin skjalfesti innra eftirlit og verklagsreglur um ýmsa þætti starfseminnar.

## 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki eru til skriflegar lýsingar á innra eftirliti og skráðar verklagsreglur um starfsemina. Lögð er áhersla á að skriflegar lýsingar á innra eftirliti og helstu verklagsreglum verði skjalfestar. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun stendur nú yfir vinna við gerð verklagsreglna vegna innra eftirlits. Auk þess er unnið að gerð verklagsreglna vegna jafnlaunavottunar og mun hluti þeirra reglna uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna innra eftirlits.

Gerð er athugasemd við rúmar aðgangsheimildir í tölvukerfum Fangelsismálastofnunar. Fækka þarf þeim starfsmönnum sem hafa aðgang sem „AR-rekstrarstjóri“ og veita þeim aðgang sem „AR Gjaldkeri“ eða „AR Bókari“ eftir atvikum. Einnig þarf að fækka starfsmönnum með aðgang að „HR Starfsmannahald“ og þar af leiðandi með ótakmarkaðan aðgang að öllum launaupplýsingum Fangelsismálastofnunar. Eingöngu launafulltrúi og starfsmannastjóri ættu að hafa svo víðtækan aðgang.



## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

Undir þessum lið er skoðað hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða.

#### 6.1.2 Opinber innkaup

Innkaupastefna og verklagsreglur varðandi innkaup eru ekki skjalfestar hjá Fangelsismálastofnun en stofnunin styðst við innkaupastefnu innanríkisráðuneytis sem tekur til ráðuneytisins og stofnana þess.

#### 6.1.3 Innkaupakort

Innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni, samtals átta kort. Með innkaupakort eru forstöðumaður og varðstjórar á Litla-Hrauni og Sogni, verslunarstjóri og matráður á Litla-Hrauni, varðstjóri og aðstoðarvarðstjóri á Kvíabryggju. Farið er eftir reglum um notkun þeirra.

#### 6.1.4 Styrkir

Fangelsismálastofnun veitti 1,6 m.kr. styrk til Áfangaheimilisins Verndar vegna eldvarnarbúnaðar. Styrkurinn var bókaður við greiðslu hans. Þegar loforð um úthlutun styrkja liggur fyrir, skal senda fylgiskjöl og gögn til Fjárslu til bókuar. Fylgiskjölin verða að vera árituð af þeim sem úthluta styrkjum ásamt upplýsingum um heimildir, fjárlög, fjárlagalið og viðfang, fjárhæð styrkja og kennitölu styrkþega.

### 6.2 Niðurstöður

Ekki verður séð annað en að Fangelsismálastofnun fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald en bent er á reglur Fjárslu ríkisins um bókuar á úthlutun styrkja. Bent er á að gjaldfæra eigi styrki þegar úthlutun þeirra liggur fyrir.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Tekjur

Sértekjur stofnunarinnar námu 114,5 m.kr. á árinu 2016 sem er 5,7 m.kr. hækkun frá árinu 2015. Þær mynduðust af verkefnum og verksölu sem fangar vinna að í fangelsum landsins. Verkefnin voru mörg og af ýmsum toga og breytileg eftir fangelsum. Auk verkefna seldu fangelsin nauðsynjar til fanga. Þá voru tekjur einnig innheimtar skv. fyrirliggjandi samningum.

Stofnunin fékk einnig um 5,8 m.kr. framlög frá ýmsum aðilum á árinu en þar af var stærst 5,6 m.kr. framlag frá Þróunar- og símenntunarsjóði SFR. Auk þess voru tekjur af sölu á bifreið og vaxtatekjur.

Ekki eru til skriflegar verklagsreglur varðandi útgáfu tekjureikninga. Tekjuferlar fangelsa eru með ýmsum hætti. Utanumhald um framleiðslu og innkaup er ekki formlegt, útgáfa reikninga er hjá mörgum aðilum ásamt því að verkaskipting er ónóg vegna smæðar nokkurra fangelsa. Samspil þessara atriða orsakar veikingu innra eftirlits. Ríkisendurskoðun lagði til við síðustu endurskoðun að kannað yrði hvort rétt sé að taka upp miðlægt kerfi sem heldur utan um framleiðslu, innkaup, sölu, viðskiptamannabókshald, reikningagerð og greiðslur til fanga.

Tekjur ársins 2016 mynduðust að stærstum hluta eða 78,3% á Litla-Hrauni. Á Litla-Hrauni eru m.a. vörur framleiddar eftir pöntunum. Starfsmaðurinn sem tekur við beiðni um vörur gerir reikning og hefur einnig aðgang að banka. Auk hans hafa annar starfsmaður á skrifstofu sem sér um fangalaun og forstöðumaður aðgang að banka. Lagt er til að forstöðumaður og sá starfsmaður sem gerir reikning hafi einungis lesaágang að bankareikningi.

### 7.2 Launakostnaður og greiðslur til fanga

Á árinu 2016 námu laun og launatengd gjöld um 1,2 m.kr. eða 71,6% af rekstrarkostnaði embættisins. Þessi liður hækkaði frá fyrra ári um 55,5 m.kr. eða 4,9%. Ársverk voru 124 á árinu 2016.

Við launaendurskoðun var athugað hvort samningar, starfslýsingar, undirskriftir, skráning í launaflokka, gögn vegna launabreytinga og dagsetningar á gögnum samræmdust viðeigandi lögum, reglum og verklagsreglum. Farið var í frumgögn og skoðað hvort öll formskilyrði væru uppfyllt. Endurskoðun beindist að skjalfestingu á ráðningarsamningum og launabreytingum. Úrtakið var sex starfsmenn eða 4,8% starfsmanna. Ráðningarsamningur var til fyrir þrjá aðila af þeim sem lentu í úrtaki en aðrir voru með skipunarbréf. Tveir af þeim voru undirritaðir af starfsmanni og yfirmanni og einn var aðeins undirritaður af yfirmanni. Lagt er til að ráðningarsamningar séu gerðir við alla starfsmenn og að þeir séu undirritaðir bæði af starfsmanni og yfirmanni.

Fjármálastjóri gerir ráðningarsamninga í ráðningarhluta Orra. Kerfið er notað til að gera ráðningarsamning eða setningar-/skipunarbréf. Lagt er til að launafulltrúi skrái upplýsingarnar

inn í ráðningakerfið og fjármálastjóri hafi eftirlit með þeim skráningum. Launaframkvæmdin er í höndum launafulltrúa og fer fram á Litla-Hrauni fyrir alla stofnunina. Tímaskráningarkerfið Vinnustund og vaktakerfið Vinna er notað til að halda utan um vinnutíma starfsfólks. Yfirmenn yfirfara og samþykkja tíma í Vinnustund og stofna bunka sem launafulltrúi yfirfer. Launafulltrúi sendir bunka til launakerfis í Orra. Fjársýslan sér síðan um að greiða launin. Fjármálastjóri fer yfir útborguð laun og gerir athugasemdir ef um frávik er að ræða. Lagt er til að fjármálastjóri staðfesti yfirferð launaforsendna hvers mánaðar fyrir útgreiðslu launa.

Í 20. grein laga um fullnustu refsinga segir:

„Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Fangelsismálastofnun ákveður fjárhæð dagpeninga og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.“

Skráð er í vinnuskjal vinnuframlag fanga. Starfsmaður færir þær upplýsingar í DK kerfi sem reiknar þóknun sem hver fangi á að fá. Búnaar eru til gerfi-kennitölur í DK kerfinu fyrir erlenda fanga. Listi vegna uppgjors er sendur til Fjársýslu og fær fjármálastjóri einnig afrit af honum. Bókari hjá Fjársýslu sér um afstemmingu samkvæmt þeim gögnum sem hann fær frá fangelsunum. Þegar upphæðir sem hverjum fanga eru reiknaðar liggur fyrir eru greiðslur til þeirra settar í umslög sem þeim eru afhent.

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að skrá beint inn í DK kerfið og þær upplýsingar séu einnig hjá bókara Fjársýslunnar til vinnuhagræðingar og til að koma í veg fyrir villuhættu.

### 7.3 Annar rekstrarkostnaður og eignakaup

Rekstrarkostnaður var borinn saman á milli ára og helstu frávik greind. Hann var einnig borinn saman við kostnað við rekstraráætlun. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð með tilliti til tegundar kostnaðar, að reikningar væru rétt skráðir, réttar lotunar og að þeir væru samþykktir og áritaðir af viðeigandi aðila. Ekki komu fram athugasemdir við skoðun rekstrarkostnaðar.

### 7.4 Niðurstöður/ábendingar

Þeirri ábendingu er beint til Fangelsismálastofnunar að skrá formlega verkferla og innra eftirlit rekstrarliða.

Einnig er lagt til að kannað verði hvort ekki sé hægt að einfalda framkvæmd við greiðslu þóknunar til fanga bæði vegna vinnuhagræðingar og villuhættu.

Lagt er til að gert verði launasetningarbréf/ráðningasamningur við alla starfsmenn þegar um setningar-/skipunarbréf er að ræða sem starfsmaður ásamt starfsmannastjóra staðfesti. Auk þess er lagt til að fjármálastjóri staðfesti yfirferð launaforsendna hvers mánaðar og að launafulltrúi skrái stofnupplýsingarnar inn í kerfið og fjármálastjóri annist eftirlit.

Fangelsismálastofnun segist muni stefna á að breyta verklaginu þannig að báðir aðilar undirriti fylgiblöð um ráðningu og launasetningu auk þess sem verklagi hjá stofnuninni verði breytt við fyrsta tækifæri þannig að sýnileg yfirferð á launalistum og tímaskýrslum starfsmanna fyrir greiðslu launa verði til staðar.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 119,3 m.kr., skuldir námu 66,4 m.kr., bundið eigið fé nam 8,8 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 52,9 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Birgðir	4.659.964	7.612.708	-4.546
Inneign hjá ríkissjóði	87.719.901	3.532.245	26.781
Skammtímakröfur aðrar	8.075.927	9.663.821	11.564
Handbært fé	18.860.932	19.596.255	-1.351
Eignir alls	119.316.724	40.405.029	32.448
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	41.362.402	-2.734.632	-51.052
Framlag til eignarmyndunar	11.576.348	11.576.348	0
Viðskiptaskuldir	66.377.974	31.563.313	-57.884
Eigið fé og skuldir alls	119.316.724	40.405.029	-108.936

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Birgðir

Birgðir Fangelsismálastofnunar samanstanda af framleiddum vörum og nauðsynjavörum sem föngum stendur til boða að kaupa á Hólmsheiði og Litla-Hrauni. Ekki eru gerðar miðlægar eftirlitsaðgerðir varðandi birgðir og talningar eru framkvæmdar af aðilum sem afgreiða vörunar. Lagt er til að framkvæmd birgðatalningar verði breytt á þann veg að óháður aðili komi að málum.

#### 8.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu samtals 8,1 m.kr. í árslok 2016 sem er 1,6 m.kr. lækkun frá árinu 2015. Stærstur hluti krafna var á Samgöngustofu eða um 3,9 m.kr. auk minni krafna á stofnanir, félög og fanga.

Endurskoðun skammtímakrafna var fólgin í yfirferð á stöðu viðskiptamanna í árslok 2016. Listi yfir allar viðskiptakröfur úr bókhaldskerfinu var skoðaður og yfirfarinn. Viðskiptakröfur voru að stærstum hluta innheimtar í upphafi árs 2017 fyrir utan kröfur sem stofnuninni var sendur listi yfir. Leggja þarf vinnu í að innheimta kröfur sem eru eldri en 90 daga.

Ríkisendurskoðun leggur eindregið til að farið verði yfir allar skammtímakröfur frá fyrri árum og gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir í samræmi við niðurstöður þeirrar könnunar.

### 8.1.3 Handbært fé

Handbært fé nam 18,8 m.kr. í árslok 2016, það hafði lækkað um 0,7 m.kr. frá fyrra ári.

Fjórir bankareikningar eru í notkun hjá Fangelsismálastofnun eftir að einum var lokað á árinu 2016. Hver reikningur tilheyrir sérstöku fangelsi eða fangelsiseiningu. Á Litla-Hrauni og Hólmsheiði hafa bókarar prókúru. Lagt er til að einungis gjaldkerar hafi prókúru en aðrir sem þess þurfa hafi lesaðgang. Lykilatriði í innra eftirliti er aðgreining starfa milli þeirra sem starfa við bókhald og fjármál. Ríkisendurskoðun vill benda stofnuninni á að tryggja aðgreiningu þessara starfa.

Endurskoðun á handbæru fé fólst í því að staðfesta afstemmingar á bankareikningum stofnunarinnar með því að bera saman bókhald stofnunarinnar við ytri gögn frá viðskiptabönkum hans. Um 68 þús.kr. mismunur var á banka og handbæru fé í árslok sem skýrist af því að þær voru lagðar inn á bankareikning þann 30.12.2016 en höfðu ekki verið bókaðar á árinu 2016.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll stofnunarinnar var jákvæður um rúmlega 41,4 m.kr. í árslok 2016. Staða höfuðstóls batnaði um 44,1 m.kr. á milli árána 2015 og 2016 eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

### 8.2.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 nam inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði 87,7 m.kr. og hafði staðan hækkað um 84,2 m.kr. á milli ára.

### 8.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir í árslok 2016 námu um 66,4 m.kr. sem er hækkan um 34,8 m.kr. frá fyrra ári. Skuldir eru að stærstum hluta ógreidd gjöld sem greidd voru í upphafi árs 2017.

## 8.3 Niðurstöður/ábendingar

Lagt er til að framkvæmd birgðatalningar verði breytt á þann veg að óháður aðili komi að málum.

Lagt er til að einungis gjaldkerar hafi prókúru á bankareikningum og bókarar hafi lesaðgang.

Endurskoðun viðskiptakrafna leiddi í ljós að styrkja þarf innheimtu á útistandandi kröfum en við aldursgreiningu viðskiptamanna fundust kröfur frá fyrri árum. Leggja þarf vinnu í að innheimta skammtímakröfur sem eru eldri en 90 daga

Fangelsismálastofnun benti á í svari sínu við ábendingu um skammtímakröfur að kröfur stofnunarinnar séu að öllu jöfnu óuppgerðar skuldir fanga eftir að afplánun lýkur og að snúið eða nær útilokað sé að innheimta sumar þessara krafna. Stofnunin mun leggja aukna áherslu á að afskrifa kröfur með tíðari hætti svo þær sýni ekki skakka mynd af stöðu bókhalds hjá stofnuninni á hverjum tíma.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra Fangelsismálastofnunar og fjármálastjóra.

### 9.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi embættisins árið 2016 og samkvæmt upplýsingum stjórnenda, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi embættið.

### 9.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur undirrituð óhæðisyfirlýsing af þeim starfsmanni sem vann við endurskoðunina.

### 9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing var ekki undirrituð að þessu sinni.





Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)